



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun 2025– 2026



Barnaheimilið
Ós

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Umbótaáætlun 2025-2027	5
4	Innra mat deilda	7
5	Umbótaáætlun deilda 2025-2026	7
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	8
7	Sérstakar áherslur í samstarfi við aðra skóla.....	8
8	Foreldrasamvinna.....	8
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	9
10	Fylgiskjöl	10





1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfið síðasta ár hefur einkennst af miklum breytingum á starfsemi leikskólans. Nýr skólastjóri tók við í byrjun skólaárs og fljótlega varð ljóst að ærin verkefni biðu en óskað var eftir því af foreldrum að efla faglegt starf skólans. Hafist var handa við að innrita börn og náðist ekki að fylla skólann fyrr en um miðjan janúar.

Þar sem mikil vinna fór í aðlögunina tókst ekki að vinna nógu markviss að þeim verkefnum sem biðu eins og að skerpa á hlutverki skólans sem skólastofnun og hlutverk kennara. Helstu verkefni vetrarins voru að gera nýtt flæðandi dagskipulagi, breyta deildarskiptingum, skipuleggja aldurshópa, skerpa á hlutverkum kennara og annars starfsfólks, efla stjórnendateymið, þróa aðlögun barna, bæta næringu og matseðla og vinna að betri starfsaðstæðum bæði fyrir börn og starfsfólks.

Mikil fræðsla fór fram bæði af hálfu skólastjóra og annarra sérfræðinga um námsumhverfi og hlutverki kennara í að styðja við sjálfsprottin leik barna og efla sjálfstæði þeirra. Unnið var að því að gera nýja matseðla með hollustu og næringarþörf barna að leiðarljósi ásamt því að fræðast um mikilvægi matmálstíma sem lærdómsstunda.

Unnið var að því að aðlaga vinnutíma starfsmanna til að dekkja sem best vinnudaginn og þróa vinnuskipulag sem hentar fyrir húsnæði á fjórum hæðum. Einnig var unnið að því að bæta starfsaðstæður, aðlaga vinnustyttingu að starfsemi skólans og að bæta viðveru starfsfólks, sem hefur skilað okkur betri viðveru starfsmanna það sem af er þessu skólaári.

Á komandi skólaári munum við halda áfram að vinna að því að bæta faglegt starf með áherslu á hlutverk kennara, leikinn sem námsleið og uppsetningu námsumhverfis. Sérkennslustjóri var ráðinn í skólann í haust og er það eitt af verkefnum okkar að þróa það starf hjá okkur. Einnig verður áfram unnið að því að bæta starfsaðstæður og skipulag með það að markmiði að skapa vellíðan fyrir alla í húsnæði með miklar áskoranir.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Ekkert formlegt innra mat var ger í skólanum á síðasta skólaári.

Innra mat

Ekkert formlegt innra mat fór fram	
Hvernig fór matið fram?	
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	

Ytra mat

SFS gerði viðhorfskönnun meðal foreldra veturinn 2025. Hér eru helstu niðurstöður.

Viðhorfskönnun meðal foreldra	
Hvernig fór matið fram?	SFS sendi spurningakönnun til foreldra – svarhlutfall 72,2%
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar
Helstu niðurstöður mats	Styrkleikar samkvæmt niðurstöðum: • Notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft • Samskipti og viðmót starfsmanna við börn og foreldra • Börnunum líður vel og eru örugg • Stjórnendur eru til staðar og aðgengilegir í daglegu starfi Tælfæri samkvæmt niðurstöðum: • Þróa fjölbreyttar og sýnilegar leiðir til að meta þroska og líðan barna með þátttöku foreldra • Bæta aðbúnað leikskólans bæði fyrir börn og starfsm. • Efla fjölbreytni, framsetningu og aðgengi viðfangsefna (náms- og leikefni) barnanna • Þróa leiðir til að gefa foreldrum ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað er viðkemur barninu • Skilgreina stefnu skólans betur og vinna markvisst með hana • Þróa leiðir til að upplýsa foreldra betur um stefnu og starfshætti skólans





3 Umbótaáætlun 2025-2027

Umbótaáætlun er unnin út frá niðurstöðum foreldrakönnunar á vegum Skóla- og frístundasviðs (SFS) sem lögð var fyrir veturinn 2025. Þættir í umbótaáætluninni eru byggðir á niðurstöðum könnunarinnar.

INNRA MAT	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Þróa fjölbreyttar leiðir fyrir innra mat skólans
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	- Finna og/eða þróa leiðir til að meta innra starf skólans s.s. stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauð og menningu - Útbúa lista yfir viðfangsefni mats og matstæki, s.s. hvernig verið er að meta ákveðna þætti (Fylgiskjal 1)
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Verki lokið þegar viðfangsefnum innra mats er náð, þ.e. að öllum þáttum innra mats samkvæmt kröfum SFS er náð
Viðmið um árangur	- Foreldrakönnun - Ytra eftirlit SFS

STJÓRNUN	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Bæta aðbúnað leikskólans bæði fyrir börn og starfsmenn
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Endurnýja leikefni, húsbúnað, tæki og tól
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Gera áætlun um endurnýjun og kostnaðargreina. Meta framgang á deildar- og stjórnunarteymisfundum
Viðmið um árangur	- Foreldrakönnun - Starfsmannakönnun
STJÓRNUN frh	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Styrkja samstarf heimilis og skóla í uppeldishlutverkinu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þróa leiðir í foreldraráðgjöf í samstarfi við Vesturmiðstöð, um t.d. svefn, málörvun, þroska, samskipti ofl.
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2027





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	• Viðhorfskönnun foreldra og í foreldraviðtölum • Lausnarteymisfundir
Viðmið um árangur	Niðurstöður úr foreldrakönnun og ytra eftirlit SFS Reykjavíkurborgar
STJÓRNUN frh	
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Skilgreina stefnu skólans betur, vinna markvisst með hana og upplýsa foreldra um stefnu og starfshætti skólans
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	• Vinna að endurgerð skólanámskrár í samstarfi við allt leikskólasamfélagið • Þróa reglulegt upplýsingaflæði til foreldra um stefnu og starfshætti
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	• Útgáfa á nýrri skólanámskrá • Umræður og endurmat á stjórnenda- og starfsmannafundum • Viðhorfskönnun foreldra og í foreldraviðtölum
Viðmið um árangur	Niðurstöður úr foreldrakönnun og ytra eftirlit SFS Reykjavíkurborgar

UPPELDIS OG MENNTASTARF

Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Efla fjölbreytni, framsetningu og aðgengi viðfangsefna (náms- og leikefni) barnanna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	• Fara yfir leik- og námsefni • Skipta viðfangsefnum á milli hæða (hópa) eftir aldri og þroska barnanna • Endurnýja það sem þarf og safna opnum efniviði • Bæta uppsetningu námsumhverfis ásamt aðgengi og framsetningu viðfangsefna • Halda námskeið um námsumhverfi og framsetningu námsefnis
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Farið yfir árangur á deildar- og stjórnunarteymisfundum og leiðir til að virkja börnin í þessari vinnu skoðaðar
Viðmið um árangur	• Niðurstöður úr foreldrakönnun og ytra eftirlit SFS Reykjavíkurborgar • Viðhorfskönnun starfsmanna • Viðhorfs- og líðankönnun meðal barna





4 Innra mat deilda.

Þar sem ekkert innra mat fór fram og engin umbótaáætlun frá fyrra ári til var ekki unnið með þennan þátt.

Mikið umbótastarf hefur farið fram á síðasta skólaári. Nýtt dagskipulag hefur verið í þróun frá síðasta hausti og er nú verið að keyra nýtt vinnuskipulag þar sem hlutverk og dagleg verkefni kennara eru skilgreind ítarlega. Stjórnendum þótti mikilvægt að byrja á því að gera dagskipulag sem minnkuðu árekstra og að daglegar athafnir fengu meiri ró og betra flæði í dagsins önn. Einnig hefur verið unnið ötullega að því að bæta faglegt starf með áherslu á hlutverk kennara í frjálsum leik, að kenna sjálfstæði barna á matmálstímum og í fataherbergi og að setja upp lærdómsríkt námsumhverfi. Mikil fræðsla um grunnhlutverk leikskóla hefur farið fram og hefur starfið verið metið jafn óðum á fundum og skipulagsdögum.

Á næsta ári verður unnið að því að efla faglegt starf með börnunum enn frekar eins og fram kemur í umbótaáætlun hér að ofan og verður unnið áfram með hlutverk kennara í námi og leik.

5 Umbótaáætlun deilda 2025-2026

ÖLL BÖRN – yngri og eldri kjarni	
Umbótaþáttur	Námsumhverfi og náms- og leikefni
Tækifæri til umbóta	Efla fjölbreytni, framsetningu og aðgengi viðfangsefna (náms- og leikefni) barnanna
Aðgerðir til umbóta	- Fara yfir leik- og námsefni, endurnýja það sem þarf og safna opnum efniviði til leiks og sköpunar - Þróa málörvunar verkefni og mat á málþroska - Bæta uppsetningu námsumhverfis og aðgengi og framsetningu viðfangsefna - Halda námskeið um námsumhverfi og framsetningu námsefnis - Útbúa fjölnota rými þar sem hægt er að vinna með minni hópa í t.d. málörvun, listsköpun, hreyfingu ofl.
Ábyrgð	Stjórnunarteymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	2025 -2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	- Á deildar- og starfsmannafundum - Viðtöl við börn





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum

leikskólans.

Nýr skólastjóri tók við í upphafi skólaárs og tók hann nokkur samtöl en þar sem margir hættu og nokkrir þurftu almenna fræðslu um hlutverk kennara var meiri áhersla lögð á þjálfun kennara í leiðbeiningar samtölum og á starfsþróunar dögum (fundum og skipulagsdögum).

Lögð verður áfram áhersla á faglegt innra starf með áherslu á flæðandi og skilvirkt skipulag í leik og starfi. Við munum skoða hæglæti, vinna að samskiptastefnu með áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti, leikinn og námsumhverfi, sköpun, málörvun, sjálfshjálp og líðan barna. Þessi vinna mun fara fram meðfram endurmati á námskrá skólans. Unnið verður að því að styrkja starfsmannahópinn og efla jákvæða skólamenningu og samskipti. Einnig er tími kominn á skyndihjálparnámskeið.

Ljóst er að þessi verkefni eru stór og mörg og er verið að horfa til næstu tveggja til þriggja ára í umbótavinnu með mottóíð „góðir hlutir gerast hægt“.

Námskeið

- Lubbi finnur málbein
- Blær – Vináttuverkefni Barnaheilla
- Skyndihjálparnámskeið
- Jákvæð og uppbyggjandi samskipti
- Hæglæti í leikskóla

7 Sérstakar áherslur í samstarfi við aðra skóla

Engar sérstakar áherslur eru í samstarfi við aðra grunnskóla en verið er að byggja upp samstarf við leikskóla í nágrenninu og þá sérstaklega Skerjagarð.

8 Foreldrasamvinna

Áfram er lögð áhersla á öflugt foreldrasamstarf á Ósi enda foreldrarekinn skóli þar sem foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á rekstri skólans og taka mikinn þátt í starfinu.

Á síðasta ári voru þróaðar nýjar aðlögunaráætlanir bæði fyrir ný börn og aðlögun á milli deilda með nauðsynlegum upplýsingum um ferlið fyrir foreldra. Einnig var í fyrsta sinn boðið upp á kynningarfund fyrir alla nýja foreldra sem höfðu fengið boð um dvöl á Ósi í maí.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 á árinu og er verið að skoða að nýta 2 þeirra í námsferð næsta vor. Sumarlokun leikskólans er 6. júlí – 4. ágúst.

Skipulagsdagar - skólinn lokaður

Starfsmannafundur - skólinn hefst kl. 10:00

Foreldrar taka þátt. *Dagset, gæti breyst

Foreldrar þurfa kannski að bregðast við

Skóladagatal 2025 - 2026

Barnaheimilið

Ós

AGÚST												SEPTEMBER												OKTÓBER												NÓVEMBER												DESEMBER												JANUAR												FEBRÚAR												MARS												APRÍL												MAI												JÚNÍ												JÚLÍ																							
1 F												1 M												1 M												1 L												1 M												1 F Niðarsdagur	1 S												1 S												1 M												1 F Verkalýðsdagurinn	1 M												1 M																																													
2 L												2 Þ												2 F												2 S												2 Þ												2 F Skipulagsdagur	2 M												2 M												2 F Skírdagur	2 L												2 Þ												2 F																																													
3 S												3 M												3 F												3 M												3 M												3 L												3 Þ												3 Þ												3 F Föstudagurinn langi	3 S												3 M												3 F																																		
4 M	Frídagur verslunarmi											4 F												4 L												4 Þ												4 F												4 S												4 M												4 M												4 L												4 M												4 F												4 L																							
5 Þ												5 F Skipulagsdagur												5 S												5 M												5 F												5 M												5 F												5 F												5 S Þáskadagur	5 Þ												5 F												5 S																																		
6 M												6 L												6 M												6 F												6 L Jólatrið*												6 Þ þrettándinn	6 F Dagur leikskólans	6 F												6 M												6 M Annar í Páskum	6 M												6 L												6 M Sumarfrí hefst																																												
7 F												7 S												7 Þ												7 F 1/2 Skipulagsdagur 7 F leik kl. 12:00												7 S												7 M												7 L												7 L												7 Þ												7 F												7 S Sjómanna dagurinn	7 Þ												7 Þ																						
8 F												8 M Dagur læsis												8 M												8 L Baráttudagur gegn 8 L einelti												8 M												8 F												8 S												8 S												8 M												8 F												8 M												8 M												8 M											
9 L												9 Þ												9 F												9 S												9 Þ												9 F												9 M												9 M												9 F												9 L												9 Þ												9 F																							
10 S												10 M												10 F												10 M												10 L												10 L Þúkagléði*												10 Þ												10 Þ												10 F												10 S												10 M												10 F																							
11 M												11 F												11 L												11 Þ Bönnuðardagur												11 F Jólaskund												11 S												11 M												11 M												11 L												11 M												11 F Sumarfríð*												11 L																							
12 Þ												12 F												12 S												12 M												12 F												12 M												12 F												12 F												12 F 1/2 Skipulagsdagur 12 F leik kl. 12:00												12 S												12 Þ												12 F												12 S											
13 M												13 L												13 M												13 F												13 L												13 L												13 F												13 F												13 M												13 M												13 L												13 M																							
14 F												14 S												14 Þ Starfsmannafundur												14 F Dagur ísl. tungu												14 S												14 M												14 L												14 L												14 Þ												14 F Uppstigningardagur	14 S												14 Þ																																		
15 F												15 M												15 M												15 L												15 M												15 F												15 S												15 S												15 M												15 F												15 M												15 M																							
16 L												16 Þ	Dagur íslenskrar náðuru											16 F												16 S Dagur íslenskrar tur	16 Þ												16 F												16 M Bolludagur	16 M												16 M												16 F												16 L												16 Þ												16 F																																	
17 S												17 M												17 F												17 M												17 L												17 Þ Sprengidagur	17 Þ												17 Þ												17 F												17 S												17 M Ljósveiddisdagurinn	17 F												17 F																																	
18 M												18 F												18 L												18 Þ												18 F												18 S												18 M Óskudagur	18 M												18 L												18 M												18 F												18 L												18 L																						
19 Þ												19 F												19 S												19 M												19 F												19 M												19 F												19 F												19 M												19 Þ												19 F												19 S																							
20 M												20 L												20 M												20 F												20 L												20 Þ												20 F												20 F												20 F												20 M												20 M												20 L												20 M											
21 F												21 S												21 Þ												21 F												21 S												21 M												21 L												21 L												21 Þ												21 F Starfsmannafundur	21 S												21 Þ																																		
22 F												22 M												22 M												22 L												22 M												22 F												22 S												22 S												22 M												22 F Skipulagsdagur	22 F												22 M												22 M																						
23 L												23 Þ												23 F												23 S												23 Þ Þorláksmessa												23 F Þorlákagléði												23 M												23 M												23 M												23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L												23 Þ												23 F																						
24 S												24 M												24 F												24 M												24 M Afþingardagur jóla												24 L												24 Þ												24 Þ												24 Þ												24 F Skipulagsdagur	24 S Hvítasunnudagur	24 M												24 F												24 F																					
25 M												25 F												25 L Fyrsti vetrardagur												25 Þ												25 F Jóladagur												25 S												25 M												25 M												25 L												25 M Annar í Hvítasunnu	25 F												25 L																																		
26 Þ												26 F												26 S												26 M												26 F Annar í jölum												26 M												26 F												26 F												26 F												26 F												26 S												26 F																							
27 M												27 L												27 M												27 F												27 L												27 Þ Skipulagsdagur	27 F												27 F												27 L												27 M												27 L												27 M												27 M																						
28 F												28 S												28 Þ												28 F												28 S												28 M												28 L												28 L												28 F												28 Þ												28 F												28 S												28 Þ											
29 F												29 M												29 M												29 L												29 M Jólafri												29 F																								29 S Pálmasunnudagur	29 M												29 F												29 M												29 M																																		
30 L												30 Þ												30 F												30 S												30 Þ Jólafri												30 F																								30 M												30 F												30 L												30 Þ												30 F																							
																																																Skólinn opnar aftur																																																																																																											





10 Fylgiskjöl

VIÐFANGSEFNI INNRA MATS		
Þáttur	Viðfangsefni	Matstæki
STJÓRNUN	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	■
	Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	■
	Faglegt samstarf	■
	Skólaþróun og símenntun	■
	Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	■
UPPELDI- OG MENNTUN	Skipulag náms og námsaðstæður	■
	Uppeldi, menntun og starfshættir	■
	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	■
	Námssvið leikskólans	■
	Leikskóli án aðgreiningar	■
	Mat á námi og velferð barna	■
MANN- AÐUR	Hlutverk leikskólakennara	■
	Fagmennska starfsfólks	■
	Starfsánægja	■
SKÓLA MENNING	Viðmót og menning	■
	Velferð og líðan barna	■
	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	■
	Viðhorf foreldra	■

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Auður Guðjónsdóttir
Ásbjörg Einarsdóttir, formaður
Gunnar Gylfason, gjaldkeri

Gunnar Ingi Magnússon
Katrín Helena Jónsdóttir
Marín Björt Valtýsdóttir



Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já þær gera það. Eftir að Hulda tók við sem leikskólastjóri á Ósi þá hefur verið mikill samhljómur á milli stjórnar Óss og stjórnenda leikskólans hvað varðar umbætur. Fyrsta forgangsatriði var að koma skipulagi á daginn á Ósi með það að leiðarljósi að skapa rólegra og betra starfsumhverfi, bæði fyrir börn og starfsfólk. Þetta hefur tekist með eindæmum vel og það sést einna best á líðan barna og viðveru starfsfólks.

Næst á dagskrá var svo að bæta aðbúnað, leikefni og slíkt og hefur ýmislegt gerst í þeim efnum undanfarið ár – en starfsáætlun lýsir því vel hvernig sú vegferð mun halda áfram.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Nei.

Fulltrúar í foreldraráði:

Auður Guðjónsdóttir, Ásbjörg Einarisdóttir, Gunnar Gylfason, Gunnar Ingi Magnússon, Katrín Helena Jónsdóttir, Marín Björt Valtýsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



